



GOLFSKÓLI GSS

Golfklúbbur Sauðárkróks býður upp á metnaðarfullt starf og kennslu fyrir börn og unglinga þar sem skapaðar eru frámúrskarandi aðstæður til þess að æfa golf. Unglinganefnd fer fyrir starfinu í samstarfi við stjórn GSS. Áhersla er lögð á að allir njóti sín á eigin forsendum. Byrjendur geta fengið lánaðan nauðsynlegan golfútbúnað til æfinga.

Það er von Unglinganefndar GSS að þetta kver geti nýst foreldrum og þátttakendum í Golfskólanum til að setja sig inn í dagsskrá sumarsins. Einnig vonum við að foreldrar sjái sér fært að aðstoða okkur, þá sérstaklega við mót/uppákomur á vegum unglinganefndar. Allar hugmyndir eru vel þegnar.

Við höfum ráðið til okkar þjálfara, Hlyn Þór Haraldsson sem hefur tekið til starfa og við bindum miklar vonir við. Í sumar verða ungir kylfingar honum til aðstoðar.

Í sumar verður mikið um að vera. Norðurlandsmótaröðin er fastur liður og hluti af henni er NÝPRENT-OPEN, sem verður á Sauðárkróki 15. júní. Þá er meistaramót, golfmaraþon, unglingalandsmót UMFÍ og fleira skemmtilegt á döfinni. Mót eru ýmist flokka- eða aldursskipt, sem hentar mismunandi getustigum. Þjálfari leiðbeinir og hvetur iðkendur til þátttöku í samræmi við framvindu og áhuga.

Það verða ýmsar uppákomur í sumar og munum við gera okkar besta til að Golfskólinn skili árangri og að þátttakendur njóti þess að stunda golf.

*Með golf- og sumarkveðju,
Barna- og unglinganefnd GSS*

SUMARÆFINGAR GSS MAÍ 2014

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
17:00 - 18:30	Yngri Hópur		Allir hópar	Yngri Hópur
19:00 - 20:30		Eldri hópur		Eldri hópur

SUMARÆFINGAR GSS JÚNÍ - ÁGÚST 2014

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:10 - 9:30	Sumar Tím	Sumar Tím	Sumar Tím	Sumar Tím	
10:00 - 12:00	Team GSS 11 ára og yngri	Team GSS 11 ára og yngri	Team GSS 11 ára og yngri	Team GSS 11 ára og yngri	Team GSS yngri/eldri
10:00 - 15:00	Team GSS 12 ára og eldri	Team GSS 12 ára og eldri	Team GSS 12 ára og eldri	Team GSS 12 ára og eldri	
17:30 - 19:00	Team GSS eldri	Sveitakeppni	Team GSS eldri		

Nemendur geta komið með nesti með sér og snætt í golfskólanum. Mikilvægt er að sýna góða umgengni og hegðun í golfskólanum til að þetta fyrirkomulag geti gengið snurðulaust fyrir sig.

Gjald fyrir sumarið er:

- 12 ára og yngri: 15.700,-
- 13-15 ára: 18.900,-
- 16-19 ára: 24.200,-

Hægt er að millifæra á eftirfarandi reikning: **Golfklúbbur Sauðárkróks Kt.: 570884-0349, Banki: 0310-26-2106**, eða semja við gjaldkera um annað greiðslufyrirkomulag.

Tilkynningar, myndir og fréttir er hægt að lesa á síðunni www.gss.is og á facebook; „Unglingastarf Golfklúbbs Sauðárkróks“ <http://www.facebook.com/#!/groups/83070688850/> og „Golfmyndir GSS“ <https://www.facebook.com/groups/397526793685611/?fref=ts>

Formaður er Pétur Friðjónsson 863 6191 – formadur@gss.is, uppl. um aðra stjórnarmeðlimi má finna á [gss.is](http://www.gss.is)

BARNA- OG UNGLINGANEFND GSS 2014 SKIPA:

Hjörtur Geirmundsson, hjortur@fjolnet.is – 8217041

Árný Árnadóttir, arnyl@simnet.is – 8499420

Margrét Helgadóttir, kariogmagga@simnet.is – 8956419, 8636419

Kristján Jónasson, kjonasson@kpmg.is

Helga Jónína Guðmundsdóttir, helgajig@simnet.is - 8646888

Hanna Dóra Björnsdóttir, hannadora@gmail.com - 8986698

Þjálfari: Hlynur Þór Haraldsson hlynurgolf@gmail.com - 8667565

DAGATAL 2014

Dags	Klúbbur	Nafn	Hringir
24.05.14	GL	Íslandsbankamótaröðin (1)	2
24.05.14	GSE	Áskorendamótaröð Íslandsbanka (1)	1
07.06.14	GKJ	Íslandsbankamótaröðin (2)	3
07.06.14	GMS	Áskorendamótaröð Íslandsbanka (2)	1
15.06.14	GSS	Norðurlandsmótaröð Nýprent Open (1)	1
20.06.14	GO	Íslandsbankamótaröðin (3) - Íslandsmótið í holukeppni	3
21.06.14	GG	Áskorendamótaröð Íslandsbanka (3)	1
06.07.14	GHD	Norðurlandsmótaröð Dalvík (2)	1
18.07.14	GHR	Íslandsbankamótaröðin (4) - Íslandsmótið	3
19.07.14	GÞH	Áskorendamótaröð Íslandsbanka (4)	2
27.07.14	GÓ	Norðurlandsmótaröð - Ólafsfjörður (3)	1
15.08.14	GA	Íslandsbankamótaröðin (5)	3
16.08.14	GH	Áskorendamótaröð Íslandsbanka (5)	1
06.09.14	GOB	Áskorendamótaröð Íslandsbanka (6)	1
06.09.14	GR	Íslandsbankamótaröðin (6)	2
07.09.14	GA	Norðurlandsmótaröð Akureyri (4)	1

Almennar hegðunarreglur:

- Iðkendur og þjálfarar skulu ávallt koma fram af kurteisi og virðingu.
- Klæðst skal snyrtilegum fatnaði, gallabuxur eru ekki leyfðar og höfuðföt eru tekin niður innandyr.
- Iðkendum ber að fara eftir fyrirmælum þjálfara síns og vallarstjóra eins og þeim er framast unnt.
- Iðkendum og þjálfara ber að sýna meðspilurum sínum og þeirra aðstoðarfólki / þjálfurum almenna kurteisi.
- Iðkendur og þjálfarar skulu mæta stundvíslega á æfingar og nota tímann vel.
- Iðkendur og þjálfarar skulu kappkosta við að ganga vel um skála, skýli, æfingasvæðið og golfvöllinn sjálfan.
- Mikilvægt er að setja torfusnepla í kylfuför og laga boltaför á flötum.
- Kylfingum ber að halda eðlilegum leikhraða.
- Ekki skal fara með golfpoka eða kerrur inn á flatir eða teiga.

